

Nr. 22.

18. gr.

3. nóv.

Þegar fasteignabók sú, sem nefnd er í 16. gr., kemur í gildi, þá er úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*

Nr. 23.

Lög

3. nóv.

um

dýrtíðaruppbot handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnáuðsynjum, stendur eða breytist eigi að verulegum mun, veitir landssjóður embættis- og sýslunarmönnum sínum dýrtíðaruppbot eftir þeim reglum, er í lögum þessum greinir.

2. gr.

Þeir, er fyrir fleirum hafa að sjá en sjálfum sjer, skulu fá uppbot sem nú skal greint:

1. Þeir, er hafa í árslaun undir 500 kr., 30 % af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa í árslaun frá 500—1000 kr., 20 % af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa í árslaun 1000—1500 kr., 15 % af launahæðinni.
4. Þeir, er hafa í árslaun 1500—2000 kr., skulu fá 10 % af launahæðinni.

Auk þess skulu greiddar á ári 10 kr. fyrir hvert barn undir 16 ára aldri, er embættis- eða sýslunarmaður á að framfæra.

3. gr.

Þeir, sem eigi hafa fyrir öðrum en sjálfum sjer að sjá, skulu fá dýrtíðaruppbot eftir þeim reglum, er hjer segir:

1. Þeir, er hafa árslaun undir 500 kr., 20 % af launahæðinni.
2. Þeir, er hafa 500—1000 skulu fá 10 % af launahæðinni.
3. Þeir, er hafa 1000—1500 kr., 5 % af launahæðinni.

## 4. gr.

3. nóv.

Dýrtíðaruppbót veitist eigi þeim, er jafnframt lifa af framleiðslu, hvort sem hún er af landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, verslun eða annari atvinnu.

Nú hefir maður á hendi embætti eða sýslan í sambandi við önnur störf, er tekjur gefa, svo sem bókmentastarfsemi, málaflutning, lækningar, kenslu, búðarstörf o. s. frv., eða hann nýtur styrks úr opinberum eða einkasjóðum eða öðru slíku, og fær hann þá eigi dýrtíðaruppbót, nema tekjur hans samanlagðar verði eigi hærri en svo, að dýrtíðaruppbót fylgi þeim samkvæmt lögum þessum.

Embættismenn þeir eða sýslunar, er aukatekjur hafa af embætti sínu eða sýslun, eða því fylgir ókeypis húsnæði, eldsneyti, ljósmeti eða önnur slík hlunnindi, fá því að eins dýrtíðaruppbót, ef launin samanlögð við hlunnindi þessi, metin til peninga, ná eigi þeirri upphæð, er útiloki dýrtíðaruppbót samkvæmt 2. og 3. gr.

Nú gegnir maður fleirum embættum eða sýslunum í senn, og skal þá leggja saman laun og hlunnindi, er báðum eða öllum fylgja, enda verður þá engin dýrtíðaruppbót veitt, nema samanlagðar tekjur af stöðunum, nái eigi þeirri upphæð er dýrtíðaruppbót útiloki samkvæmt 2. og 3. gr.

Nú hefir kona embættis- eða sýslunarmanns tekjur, af hverju sem er, og skulu þær lagðar við tekjur bónda, og dýrtíðaruppbót til þess heimilis reiknast eftir samanlagðri tekjuupphæðinni.

Nú gegnir kona embætti eða sýslan, og koma þá tekjur bónda hennar á sama hátt til greina, er reikna skal dýrtíðaruppbót handa henni.

## 5. gr.

Dýrtíðaruppbót samkvæmt lögum þessum kemur eigi til álita, er reikna skal biðlaun eða eftirlaun embættismanna.

## 6. gr.

Meðal starfsmanna landssímans og talsíma þeirra, er landssjóður rekur, skal Stjórnarráðið, eftir tillögum landssímastjóra, skifta upphæð, er nemi 16 % af samanlögðum launum þeirra, er hafa alt að 1800 kr. í árslaun. Aðrir símamenn landsins fá uppbót eftir 2. og 3. gr. laga þessara.

## 7. gr.

Stjórnarráðið úrskurðar öll mál, er í lögum þessum greinir, og verða þau eigi borin undir dómstólana.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag þess mánaðar, er næstur kemur eftir að þau hafa fengið staðfestingu konungs.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*